

Sþ.

216. Tillaga til þingsályktunar

[126. mál]

um fjölgun tannlækna.

Flm.: Katrín Smári.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að fjölga tannlæknum í landinu og tryggja þannig meiri og betri tannlækningar og leggja tillögur til úrbóta fyrir næsta reglulegt þing.

Greinargerð.

Það er alkunna, að tannlækningar eru einn veikasti hlekkur í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Er skortur á tannlæknum, með þeim afleiðingum, að erfitt er að fá tannviðgerðir nema eftir langa bið, og hlýtur slíkt ástand að hafa slæm áhrif á tannheilsu þjóðarinnar.

Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af þessum málum vegna barna og unglinga. Er hinni vaxandi æsku mikil nauðsyn, að haft sé eftirlit með tönnum þeirra og lækning tryggð í tíma, þegar hennar er þörf. Sama gildir um barnshafandi konur.

Tannlæknanám krefst sérstakrar og mjög dýrrar aðstöðu. Enda þótt nýlega hafi verið aukið við tannlæknadeild Háskóla Íslands, er aðgangur að deildinni takmarkaður, og sækja árlega margir árangurslaust um upptöku í deildina.

Æskilegt er, að ríkisstjórnin láti rannsaka þetta mál vandlega og leita lausnar á vandanum, þar sem þjóðin vafalaust vill, að tannlækningar séu ekki torfengnari eða dýrari en aðrar lækningar. Er það tilgangur þessarar tillögu, að slík rannsókn fari fram og leiði til aðgerða sem fyrst.